

61 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um endurveiting**
 17. maí **hlunninda handa sparisjóði.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá formanni sparisjóðs Sauðárkróks, vill stjórnarráðið hjer með veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. ágúst 1911 að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

62
 27. mars.

Reglur

um lögskráningu sjúkrasamlaga.

Samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, geta sjúkrasamlög öðlast lögskráningu og orðið aðnjótandi styrks þess, er þeim er heitin í þessum lögum.

Sjúkrasamlag, sem óskar lögskráningar, skal haga samþykkt sinni eftir »Fyrirmynd að samþykkt handa sjúkrasamlögum«. Fyrirmyndirnar eru tvær, önnur (A) handa sjúkrasamlögum í kaupstöðum og kauptúnum, hin (B) handa sjúkrasamlögum í sveitum. Skal nota þessar fyrirmyndir og rita breytingar, ef nokkrar eru, á auða helming hverrar síðu. Skal því næst senda stjórnarráðinu samþykktina í tvennu lagi undirritaða af stofnendum eða stjórn samlagsins. Gæta verður þess, að útfylla þar sem eyður eru í fyrirmyndinni. Hjer skulu gerðar athugasemdir um nokkur atriði.

1. gr. Þar verður að tilgreina nákvæmlega svæðið, sem sjúkrasamlagið nær yfir.

6. gr. Í þeirri grein eru talin þau hlunnindi, sem samlagsmönnum eru veitt. Ef samlagið vill veita meiri hlunnindi, verður að hækka iðgjöldin. Ákvæðið í 3. lið um að samlagið greiði ekki flutningskostnað sjúklinga í sjúkrahús eða úr því, er nauðsynlegt vegna þess, að annars eru iðgjöld þau, sem ákveðin eru í 9. gr., of lág.

9. gr. Þar eru ákveðin iðgjöld samlagsmanna. Hjer á landi vantar alla reynslu um kostnað sjúkrasamlaga, og er því mjög erfitt að ákveða rjett iðgjöld. Einkum kemur þetta til greina um sjúkrasamlög í sveitum, og er það þá sjer í lagi kostnaður við ferðalög lækna, sem veldur erfiðleikum. Sá útgjaldaliður getur orðið svo mikill, að samlögin geti ekki staðist hann með þeim iðgjöldum, sem gert er ráð fyrir í 9. gr. Enginn vafi er á því, að sjúkrasamlögin munu verða til mikils ljettis fyrir sveitasjóðina, og virðist því mega búast við, að þeir munu styrkja samlögin á einhvern hátt; heppilegust úrlausn væri það, að sveitasjóð-

irnir tækju að sjer ferðakostnað lækna til samlagsmanna; það mætti ef til vill gera á þann hátt, að samið væri við mann, er heima ætti á hentugum stað, um að flytja lækni til samlagsmanna. Eigi þótti gerlegt að setja iðgjöldin hærrí, en gert hefir verið, en ætla heldur á hitt, að styrkur fengist til viðbótar við lands-sjóðsstyrkinn, svo kleyft yrði að stofna sjúkrasamlög til sveita með hæfilegum iðgjöldum. Í »Fyrirmynd að samþykkt handa sjúkrasamlögum í sveitum« er gert ráð fyrir að samlagsmenn sjeu skyldir að tryggja sjer dagpeninga, en stjórnarráðið getur, samkvæmt lögum um sjúkrasamlög, leyft, að dagpeningar falli niður með öllu utan kaupstaða og kaupúna, þar sem læknir er búsettur.

10. gr. Í sveitum er nauðsynlegt að skifta hverju sjúkrasamlagi í deildir og fer tala stjórnenda þá eftir því, hve margar deildirnar eru.

13. gr. (B fyrirmynd 14. gr.). Taka verður fram á hvern hátt boða skal samlagsfundi t. d. í blöðum, þar sem því verður við komið, annars eftir því sem hentugast er.

Sjúkrasamlag verður því að eins lögskráð, að í því sje að minsta kosti 50 hluttækir samlagsmenn. Um leið og óskað er lögskráningar skal senda skrá yfir alla hluttæka samlagsmenn með tilgreindum aldri og atvinnu.

Hvert sjúkrasamlag skal hafa þessar fjelagsbækur og reikningsbækur:

- A. Skrá yfir samlagsmenn.
- B. Iðgjaldaskrá.
- C. Sjúkraskrá.
- D. Tekjur og gjöld.
- E. Skýrslubók.

Allar þessar bækur fást í bókaverslun Sigf. Eymundsson í Reykjavík, með þeirri gerð og þeim yfirskriftum, sem nota skal.

Í stjórnarráði Íslands, 27. mars 1912.

Kristján Jónsson.

Eggert Briem.

A. Fyrirmynd

að samþykkt handa sjúkrasamlögum í kaupstöðum eða kaupúnum.

Samþykkt

sjúkrasamlags

Efnisyfirlit.

I. Starf samlagsins.

1. gr. Nafn, tilgangur, samlagssvæði.
2. gr. Viðtaka hluttækra samlagsmanna.
3. gr. Viðtaka hlutlausra samlagsmanna. Brottför um stundarsakir úr samlagshjeraðinu.
4. gr. Viðtökubeiðnir; gerðardómur.
5. gr. Biðtími.
6. gr. Rjettindi hluttækra samlagsmanna.
7. gr. Dagpeningar. Hjálp til sængurkvenna.
8. gr. Tímatakmörkun hlunninda.
9. gr. Skyldur hluttækra samlagsmanna.

II. Stjórn samlagsins.

10. gr. Stjórn.
11. gr. Formaður.
12. gr. Gjaldkeri.
13. gr. Aðalfundur.
14. gr. Ársreikningar; endurskoðun.
15. gr. Fjáreign.
16. gr. Varasjóður. Tekjuhalli.
17. gr. Gerðardómur.
18. gr. Breyting á samþykktinni. Um að slíta samlaginu.

I. Starf samlagsins.

1. gr.

Sjúkrasamlag er stofnað dag mánaðar 19 í þeim tilgangi að tryggja hverjum hluttækum samlagsmanni uppbót á því fjártjóni, er veikindi valda honum.

Samlagið nær yfir

2. gr.

Samlagið veitir viðtöku og full fjelagsrjettindi hverjum manni, jafnt karli sem konu, ef hann sannar:

1) að hann eigi heima í samlagshjeraðinu;

2) Sje eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en fertugur, er hann beiðist viðtöku;

3) Sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, **62** að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 1200 kr. að viðbættum 100 kr. fyrir **27. mars.** hvert barn innan 15 ára, sem hann framfleytir;

4) Eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meiru en 5000 kr.;

5) Hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er skerði eða geti skert vinnuþol hans, og skal hann sanna það með vottorði frá lækni samlagsins, enda sje hann fullhraustur, er hann gengur í samlagið.

3. gr.

1) Hlutlausir fjelagar geta orðið karlar og konur, eldri en 15 ára, er fullnægja 1. skilyrði 2. greinar og lofa að greiða að minsta kosti 1 kr. í árstillag eða gjalda 20 kr. í samlagssjóð, eitt skifti fyrir öll.

Hlutlausir fjelagar eiga ekki tilkall til neinna hlunninda úr samlagssjóði. En ef þeir greiða 40 kr. eitt skifti fyrir öll eða gjalda að minsta kosti 2 kr. í árstillag, hafa þeir atkvæðisrjett á fundum og eru kjörgengir til allra starfa í fjelaginu.

Hlutlausir, en atkvæðisbærir fjelagar, er gengið hafa í samlagið fyrir fertugt, geta orðið hluttækir, hvað sem aldri þeirra liður, ef efnahagur þeirra versnar og verður í samræmi við 2. gr., enda færi þeir sönnur á, að þeir fullnægi öllum skilyrðum 2. greinar öðrum en 2.

2) Nú batnar efnahagur samlagsmanns, svo að árstekjur hans eða eignir fara upp yfir það hámark, sem til er tekið í 2. gr., og verður hann þá, að gerast hlutlaus fjelagi eða fara úr samlaginu, þegar er hann fær tilkynningu um það frá samlagsstjórninni. Ef hann skýtur máli sínu í gerðardóm, sbr. 17. gr., þá má hann halda rjettindum sínum þar til dómur fellur.

3) Ef hluttækur samlagsmaður fer úr samlagshjeraðinu um stundarsakir til að leita sjer atvinnu, eða í öðrum nauðsynlegum erindum, þá má hann gerast hlutlaus meðan hann er fjarverandi, en greiði hann öll samlagsgjöld sín, þá á hann heimtingu á dagpeningum, ef hann sannar með læknisvottorði, að hann hafi verið ófær til vinnu vegna veikinda, en ekki á hann tilkall til neinna annara hlunninda úr samlagssjóði.

Hlutlausir fjelagar, þeir er nefndir eru í 2. og 3. lið, skulu greiða í samlagssjóð 1 kr. á ári. Þeir geta orðið hluttækir aftur, hvað sem liður aldri þeirra eða heilsu, ef ekki skortir önnur skilyrði, sbr. 2. gr.

Allir hlutlausir samlagsmenn, er verða hluttækir, skulu þá hlíta ákvæði 5. gr.

4. gr.

Hver sá, er vill ganga í samlagið, skal færa stjórninni skriflega viðtökuþeiðni og læknisvottorð.

62 Því skal ráða til lykta á næsta stjórnarfund, hvort beiðandi verður tek-
27. mars. inn í samlagið.

Ef beiðni er hafnað eða samlagsstjórnin í vafa um, hvað gera skuli, þá má vísa málinu í gerð. Í gerðardómi skulu sitja þrír menn, læknir samlagsins, einn maður úr flokki samlagsmanna, sem stjórnin tilnefnir, og þriðji, sem viðkomandi bæjarstjórn nefnir til. Skjóta má úrskurði gerðardóms til stjórnarráðsins, sje það gert á hálfsmánaðarfresti eftir að úrskurðurinn er birtur málsaðilum.

Nú er einhverjum veitt viðtaka í samlagið, og er hann þá talinn fjelagi þess frá næstu mánaðamótum.

5. gr.

Hluttækir fjelagar öðlast engin rjettindi fyr en 6 vikur eru liðnar frá því er þeir komust í fjelagatölu; þetta gildir þó ekki um sjúkdóma, er orsakast af slysum.

6. gr.

Þessi eru rjettindi hluttækra samlagsmanna:

1) Ókeypis læknishjálp handa þeim sjálfum og börnum þeirra, sem eru hjá þeim, og innan 15 ára (einnig stjúpbörnum og meðgjafarlausum fóstur börnum); hjálpina veitir læknir samlagsins og greiðir samlagið ekki fyrir hjálp annara lækna, nema ef svo ber undir (slys, kona í barnsnauð) að bráð þörf hefir verið á lækni, en ekki náðst til læknis samlagsins.

2) Ókeypis lyf, þau er samlagslæknir telur nauðsynleg, handa þeim sjálfum og börnum þeirra, sem hjá þeim eru innan 15 ára; ennfremur sáraumbúðir, en hins vegar ekki haullbönd, smíðaða limi og þvilikar umbúðir; eigi heldur gleraugu, gerfitennur eða tannfyllur.

Samlagið leggur ekki til áfenga drykki, gosdrykki eða lyffæðu, eigi heldur flöskur, glös, krukkur eða önnur þess konar lyfjailát.

3) Ókeypis sjúkrahúsvist í þessum sjúkrahúsum: geðveikrahælinu á Kleppi, Heilsuhælinu á Víflsstöðum, ef samlagslæknir telur þess þörf, handa þeim sjálfum og börnum þeirra, sem heima eru og innan 15 ára, þó aldrei lengur en 26 vikur á 3 samfleyttum reikningsárum.

Sjúkrasamlagið greiðir ekki flutningskostnað sjúklinga í eða úr sjúkrahúsum.

Nú vill samlagsmaður fremur fara í eitthvert annað sjúkrahús, og greiðir **62** þá samlagið fyrir nauðsynlega dvöl hans þar, það sem jafnlöng dvöl hefði kost-27. mars. að í því sjúkrahúsi, sem samlagsmönnum er ætlað.

Ef samlagslæknir lýsir yfir því, að sjúklingur megi liggja í heimahúsum, ef hjúkrunarkona gætir hans, en verði ella að fara í sjúkrahús, þá skal hann vera kyr heima ef samlagið útvegar honum hjúkrunarkonu á sinn kostnað.

- 4) Dagpeningar handa þeim sjálfum (ekki börnum þeirra), þannig: að
- | | | |
|----------------|--------------|-------------------|
| þeir er greiða | 1,75 á mán., | fá kr. 2,00 á dag |
| — — — | 1,35 - — — | 1,50 - — |
| — — — | 1,00 - — — | 1,00 - — |
| — — — | 0,75 - — — | 0,50 - — |

Allir hluttækir samlagsmenn eru skyldugir að tryggja sjer dagpeninga eigi minni en 50 auru á dag; þó eru vistráðin hjú, giftar konur og unglingar innan 18 ára undanþegin þessari skyldu.

7. gr.

a. Samlagið selur engum tryggingu fyrir meiri dagpeningum, en nemi $\frac{2}{3}$ af venjulegum eða áætluðum dagtekjum hans.

b. Ef samlagsmaður er fluttur í sjúkrahús, lækka dagpeningar hans um 50 auru á dag; þó heldur hann þeim óskertum, ef samlagið þarf ekki að borga sjúkrahúsvistina. Samlagsmenn, er eiga fyrir börnum að sjá innan 15 ára, skulu og aldrei missa meira en svo, er þeir liggja í sjúkrahúsi, að þeir haldi 30 auru á dag.

c. Nú vill einhver færa upp dagpeninga sína, og skal hann þá láta í tje nýtt læknisvottorð. Uppfærslu skal því að eins veita, að beiðandi sje heill heilsu, sbr. 2. gr., og njóti ekki hlunninda úr samlagssjóði þegar beiðnin kemur, enda skal uppfærslan jafnan ganga í gildi í byrjun næsta reikningárs; þó getur enginn eldri en fertugur fengið uppfærslu á dagpeningum sínum.

d. Dagpeningar eru ekki greiddir ef sjúkdómur helst 7 nætur eða skemur, en greiða skal ef lengur helst og þá jafnan reikna frá þeim degi, er gjaldkera var tilkyntur sjúkdómurinn.

e. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef sjúklingur getur unnið vanavinnu sína að einhverju leyti, og ekki gamalmönnum, ef elli bagar, en enginn sjerstakur sjúkdómur.

f. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef sjúkdómurinn stafar af drykkjuskap, saurlifnaði eða áflogum, sem samlagsmaður er sjálfur valdur að.

g. Dagpeningar falla niður, ef samlagsmaður vill ekki fara í sjúkrahús að ráði samlagslæknis eða stjórnar samlagsins; þeir falla og niður, ef sjúklingur hafnar þeirri meðferð á sjúkdómnum, sem læknir telur nauðsynlega.

62 h. Dagpeningar falla niður þann dag, er samlagsmaður verður vinnufær, 27. mars. enda þótt hann taki ekki til verka eða vanræki að segja frá bata sínum.

i. Ef farsótt gengur, sem vörn er sett við, getur stjórn samlagsins, með samþykki stjórnarráðsins, ákveðið að allir dagpeningar falli niður.

j. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef samlagsmaður heldur óskertu vinnu-kaupi sínu; en ef kaupíð er lækkað, skal hann fá af dagpeningum sínum það, sem lækkuninni nemur.

k. Stjórn samlagsins ákveður hverjum gjalda skuli dagpeninga geðveikra eða rænulausra manna.

l. Samlagskonum skal greiða 10 kr. í hvert sinn, er þær ala barn, ef þær hafa verið 40 vikur eða lengur í samlaginu fyrir barnsburðinn.

Ef sængurkona sýkist, á hún tilkall til hvers konar hlunninda úr samlagssjóði þegar liðnar eru 8 nætur frá barnsburði.

m. Dagpeninga skal greiða hverjum samlagsmanni, ef þörf gerist, fullar 12 vikur á hverjum 12 mánaða fresti (ekki miðað við reikningsár).

8. gr.

Ef einhver nýtur hlunninda úr samlagssjóði, hvort heldur eru dagpeningar eða sjúkrahúsvist, eða læknishjálpi í heimahúsum, í 52 vikur samtals á 3 samfleyttum reikningsárum, þá missir hann rjett til frekari hlunninda og er úr samlaginu.

Nú sannar hann síðar með læknisvottorði, að hann sje heill heilsu, og skal þá, hvað sem aldri hans liður, aftur telja hann samlagsmann, með fullum rjettindum, þó eigi fyr en 8 vikum eftir að honum hefir verið veitt viðtaka á ný.

9. gr.

Skyldur hluttækra samlagsmanna eru sem hjer segir:

- 1) Greiða skal viðtökugjald, 1 kr., er rennur í varasjóð samlagsins.
- 2) Hver samlagsmaður skal greiða mánaðargjald, er fer eftir hæð tryggingar fyrir dagpeningum, þannig:

Dagpeningar	Mánaðargjald
2,00 kr.	1,75 kr.
1,50 —	1,35 —
1,00 —	1,00 —
0,50 —	0,75 —
Engir	0,50 —

- 3) Ef annað foreldra er í samlaginu, en hitt ekki, en gæti þó verið það samkv. 2. gr., og börn heima innan 15 ára, þá skal greiða 10 aura á mánuði fyrir hvert barn, en þó aldrei meira en 30 aura.

Það er skylda hvers þess, er gengur í samlagið, að skýra frá því, hversu **62**
 mörgum börnum innan 15 ára hann á fyrir að sjá, og skal hann jafnan gera **27. mars**
 samlagsstjórninni aðvart, ef börnin fjölga, eða fækka (deyja, verða 15 ára,
 fara burtu).

Börnum verða ekki heimiluð hlunnindi úr samlagssjóði nema vottorð
 komi frá samlagslækni um það, að þau sjeu heil heilsu þegar samlagsstjórn er
 sagt til þeirra.

4) Hver samlagsmaður skal greiða mánaðargjald sitt fyrirfram á skrif-
 stofu gjaldkera.

Ef samlagsmaður greiðir ekki mánaðargjald sitt 2 mánuði í röð, þá fellur
 niður rjettur hans á ókeypis læknishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist; skal gjald-
 kerri gera honum aðvart um þetta fyrir miðjan síðari mánuðinn. En ef 3 mán-
 uðir liða án þess að hann greiði gjöld sín, þá er hann úr samlaginu; skal gjald-
 kerri gera honum aðvart um þetta fyrir miðjan þriðja mánuðinn. Umsögn gjald-
 kera er full sönnun þess, að aðvörun hafi farið fram.

Ef samlagsmaður hefir verið aðvaraður og greiðir hann skuld sína, þá
 skal hann um leið greiða 10 aura fyrir hverja aðvörun.

Ef samlagsmaður er rækur úr samlaginu vegna skulda, þá er honum
 frjálst að koma aftur í samlagið, ef hann greiðir alla skuld sína og 1 kr. að
 auki í inntökueyri; nú er misseri liðið frá því er hann fór úr samlaginu, og skal
 hann þá leggja fram læknisvottorð um heilsu sína, er fullnægi kröfum 2. greinar
 ennfremur gildir um hann ákvæði 5. greinar.

Ef samlagsmanni bera dagpeningar úr samlagssjóði og er hann í skuld
 um mánaðargjald, þá skal halda því eftir þegar dagpeningar eru greiddir.

5) Ef samlagsmaður er sjúkur og ekki vinnufær, en á fótum og má
 vera úti, þá skal læknir fá honum skriflegt leyfi til þess og taka til, hvern tíma
 dags hann megi vera úti.

6) Ef sjúklingur hagar sjer ekki eftir fyrirmælum læknis eða samþykkt
 samlagsins, þá missir hann rjett sinn til dagpeninga þá viku, er hann verður
 sekur um þesskonar afbrot.

7) Hver, sem gengur í sjúkrasamlagið, skal og skýra stjórn þess frá, ef
 hann er í einhverju öðru sjúkrasamlagi, svo og ef hann gengur síðar í slíkt sam-
 lag; skal stjórnin hafa gætur á því, að enginn tryggi sjer á þenna hátt hærri
 dagpeninga, en nemur venjulegu dagkaupi hans.

8) Hver samlagsmaður er skyldur að gegna, ef hann er kosinn í stjórn
 samlagsins eða endurskoðunarmaður.

9) Hver samlagsmaður er skyldur að birta gjaldkera samlagsins, ef
 hann skiftir um bústað.

Nú flytur hann sig búferlum úr samlagshjæraðinu, og er hann þá úr
 samlaginu.

10) Þeir, er fara úr samlaginu, eiga enga heimtingu á neinu því fje, er
 goldið hefir verið í samlagssjóð.

II. Stjórn samlagsins.

10. gr.

Stjórn skal velja skriflega á aðalfundi í febrúarmánuði, einn formann og 6 fulltrúa skal velja til 2 ára og gangi 4 úr annaðhvort ár, í fyrsta sinni eftir hlutkesti, en 3 hitt árið. Stjórnendur kjósa sjálfir varaformann og skifta störfum með sjer.

Á aðalfundi skal einnig velja 2 varafulltrúa, og fer annar frá á hverju ári, í fyrsta sinni eftir hlutkesti.

Fráfarandi stjórnendur má endurkjósa, en skorast geta þeir undan endurkosningu fyrir jafnlangt tímabil, sem þeir hafa setið í stjórn samlagsins.

Stjórnendur skulu eiga fund með sjer í vikunni eftir fyrstu helgi í hverjum mánuði. Það er lögmætur stjórnarfundur ef 4 koma á fund, og ræður þar afi atkvæða.

Stjórnendur skulu bera ábyrgð á samlagssjóði, á því, að samlagið bíði ekki tjón af ólöglegum kostnaði, hirduleysi eða svikum meðstjórnenda sinna. Standa þeir í ábyrgð á þessu einn fyrir alla og allir fyrir einn. Þó getur aðalfundur þegið þá undan ábyrgðinni, ef um svik er að ræða, en undanþágan er því aðeins lögmæt, að hún sje samþykkt með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða.

Stjórnendur skulu hafa allar nauðsynlegar gætur á sjúkum samlagsmönnum.

Stjórnendur skulu allir vinna starf sitt kauplaust, en ritfangakostnað og annan beinan kostnað skal greiða úr samlagssjóði.

11. gr

Formaður stýrir stjórnarfundum og semur gerðabók á fundunum.

Hann semur fyrir hönd samlagsins við lækna, lyfsala, sjúkrahús og hjúkrunarfjelog eða hjúkrunarkonur.

Ef formaður og varaformaður eru hvorugir viðláttnir, kemur einn af fulltrúunum í formanns stað, sá er þeir velja til þess.

12. gr.

Stjórnin ræður gjaldkera.

Hann skal vera í samlaginu en ekki stjórn þess, og kunna reikningshald.

Laun gjaldkera skal ákveða á aðalfundi eða aukafundi, og skal jafnan miða þau við fjölda hluttækra samlagsmanna.

Gjaldkeri tekur við öllum gjöldum í samlagssjóð, kemur þeim á vöxtu og setur veð fyrir sjóðnum, sem stjórnin tekur gilt. Hann heldur reikningsbækur, sem stjórnin telur nauðsynlegar, semur ársreikninga og tölusetta skrá yfir nöfn samlagsmanna, aldur þeirra og atvinnu og heimili, hvenær þeir hafa komið í samlagið, farið úr því, eða dáið; hann skal og semja þær skýrslur og gera þau reikningsskil, er stjórnarráðið krefst.

Gjaldkeri skal fá samlagsmönnum viðtökuskirteini fyrir greiddum ið- **62**
gjöldum og greiða þeim dagpeninga úr samlagssjóði á vikufresti, eftir vottorði 27. mars
samlagslæknis.

Samlagsmenn skulu jafnan gera gjaldkera aðvart, ef þeir verða sjúkir,
en hann skal semja skrá yfir alla sjúklinga.

13. gr.

Aðalfund skal halda tvisvar á ári, í febrúar og október. Formaður
boðar fundi með 8 daga fyrirvara, og skal hann tilgreina
fundarefni.

Aukafundi skal halda þá er formanni þykir þurfa, eða meirihluta fulltrú-
anna, eða skrifleg áskorun berst stjórninni frá $\frac{1}{5}$ allra atkvæðisbærra samlags-
manna, enda tilgreini þeir fundarefnið. Ef stjórninni berst lögmæt krafa um
aukafund, þá skal hún koma á fundi á 14 daga fresti.

Lögmætir samlagsfundir hafa æðsta vald í öllum málum samlagsins,
innan þeirra takmarka, er samþykktin setur.

Hverjum samlagsfundum stýrir kjörinn fundarstjóri. Hann rannsakar í
fundarbyrjun hvort fundurinn hafi verið löglega boðaður og lýsir úrskurði sínum
í heyranda hljóði.

Fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður, hvort sem margir
koma eða fáir. Ræður afl atkvæða; ef jöfn falla, ræður atkvæði fundarstjóra.

Atkvæðisbærir eru allir hluttækir samlagsmenn, 18 ára eða eldri, einnig
hlutlausir samlagsmenn, er greitt hafa 40 kr. í samlagssjóð eitt skifti fyrir öll,
eða gjalda að minsta kosti 2 kr. í árstíllag.

Í byrjun hvers fundar skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra samlags-
menn, undirritaða af gjaldkera.

Fundarstjóri ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu skuli háttáð; þó skal
atkvæðagreiðsla jafnan vera skrifleg, ef einhver atkvæðisbær fundarmaður
krefst þess.

Stutta skýrslu skal rita í sjerstaka gerðabók um það, er gerist á sam-
lagsfundum; allar fundarsamþykktir skal rita orðrjett í gerðabókina. Fundargerð-
ina skal lesa upp í fundarlok og bera undir atkvæði, en fundarstjóri og stjórn-
endur samlagsins, þeir sem við eru, skulu rita nöfn sín undir. Skal þessi fund-
argerð vera full sönnun þess, er fram hafi farið á fundinum.

14. gr.

Reikningsár samlagsins er hvert almanaksár.

Gjaldkeri skal gera hvern ársreikning í tvennu lagi og láta fylgja
skýrslu um eign samlagsins, ógreidd útgjöld og útistandandi skuldir í lok reikn-
ingsársins.

Alla ársreikninga með athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum

62 stjórnarinnar skal hafa samlagsmönnum til sýnis á hentugum stað, eigi skemur 27. mars en vikutíma áður en þeir eru bornir undir aðalfund í febrúar til samþykta.

Fyrir aðalfund í október skal leggja glögt yfirlit yfir tekjur og gjöld samlagsins fyrra helming reikningsársins með árituðum athugasemdum endurskoðunarmanna.

A aðalfundi í febrúar skal kjósa 2 endurskoðunarmenn og 2 varamenn; fara 2 frá á hverju ári, annar endurskoðunarmaður og annar varamaður, í fyrsta sinni eftir hlutkesti. Þá má endurkjósa. Skorast geta þeir undan endurkosningu eins og fulltrúar, sbr. 10. gr.

Endurskoðunarmönnum er heimilt hvenær sem vill að rannsaka allar reikningsbækur samlagsins og aðgæta eignir þess, og skulu þeir gera það eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Þá er þeir rannsaka reikningana, ber þeim meðal annars að gæta þess, hvort allar tekjur og útgjöld eru í samræmi við samþykkt samlagsins.

Stjórn samlagsins og gjaldkera ber að láta endurskoðunarmönnum í tje allar skýrslur og upplýsingar, er þeim þykir þurfa við rannsóknina.

Fyrir lok janúarmánaðar skal formaður senda stjórnarráðinu skýrslu um tölu samlagsmanna og upphæð þá, er iðgjöld samlagsmanna hafa numið á liðnu ári, og skal stjórnin rita nöfn sín undir; ennfremur skrá yfir samlagsmenn. Fyrir lok marsmánaðar skal formaður senda stjórnarráðinu endurskoðaða ársreikninga og skýrslu um starf samlagsins á liðnu ári og skal öll stjórnin rita nöfn sín undir.

15. gr.

Því fje samlagsins, sem ekki er líklegt að til þurfi að taka að sinni, skal koma á vöxtu í öruggan sparisjóð.

Aldrei má veita lán úr samlagssjóði.

Stjórnin skal aðgæta sjóðseignina og bera saman við bækur samlagsins á ýmsum ótilteknum tímum á hverju ári, og láta þess jafnan getið í gerðabók sinni.

16. gr.

Í varasjóð skal leggja allan inntökueyri samlagsmanna, allan afgang af árstekjum, t. d. æfigjöld hlutlausra samlagsmanna, gjafir, arð af hátiðahöldum, hlutaveltum og því um líkt.

Ef mikil veikindaár bera að höndum og tekjur hrökkva ekki fyrir útgjöldum, þá skal greiða hallann úr varasjóði.

Nú hrekkur varasjóður ekki til þess að greiða tekjuhalla að loknu reikningsári, þá getur samlagsfundur ákveðið að jafna því, er á vantar, á alla hlut-tæka samlagsmenn, sem þá eru í samlaginu, í rjettu hlutfalli við mánaðargjöld þeirra.

17. gr.

62

27. mars

Ef deila rís milli stjórnar samlagsins og einhvers samlagsmanns, skal leggja málið í gerð. Skal þá velja 3 menn í gerðardóm á samlagsfundi og skulu báðir málsaðilar hlíta úrskurði gerðardómsins, enda mega deilumál í samlaginu aldrei koma fyrir dómstóla landsins. Gerðardómi er ekki heimilt að sekta samlagsmenn eða skerða rjettindi þeirra frekar en samþykkt þessi leyfir.

18. gr.

Þessi samþykkt er gerð á fundi dag mánaðar 19 og gengur í gildi þann dag, sem samlagið er lögskráð samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911.

Breyta má samþykkt samlagsins á hverjum þeim aðalfundi, sem boðaður er til þess meðal annars, að ræða breytingar á samþykttinni, ef fullur helmingur atkvæðisbærra samlagsmanna sækir fundinn, en $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða þarf til þess, að samþykkja hverja breytingu á samþykttinni.

Nú skortir á að helmingur sæki fund, og er þó breyting gerð á samþykttinni með $\frac{2}{3}$ atkvæða, þá skal halda fund aftur innan 2 mánaða, ef stjórnin vill, eða $\frac{1}{5}$ atkvæðisbærra samlagsmanna krefst þess. Skal þá boða til fundar á venjulegan hátt, og geta þess í fundarboðinu, að ræða eigi um breytingu á samþykttinni, er eigi hafi orðið samþykkt á hinum fyrri fundi vegna þess, hve fáir hafi sótt þann fund. Ef breytingin er samþykkt á þessum fundi með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, þá er hún löglega samþykkt, hvort sem margir eða fáir sækja fundinn.

Engin breyting á samþykttinni eða viðbót við hana öðlast gildi fyr en fengið er samþykki stjórnarráðsins.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta samlaginu, og fer þá um tilögur þar að lútandi, sem um breytingu á samþykttinni.

Ef samlaginu er slitið, skal öll skuldlaus eign þess renna til Heilsubælisins á Vifilstöðum.

Sá fundur, er samþykkir á löglegan hátt að slíta samlaginu, kveður að öðru leyti á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og lúka skuldum.

(Undirskrift stjórnarinnar).

62
27. mars

B. Fyrirmynd

að samþykkt handa sjúkrasamlögum í sveitum.

Samþykkt

sjúkrasamlags

Efnisyfirlit.

I. Starf samlagsins.

1. gr. Nafn, tilgangur, samlagssvæði.
2. gr. Viðtaka hluttækra samlagsmanna.
3. gr. Viðtaka hlutlausra samlagsmanna. Brottför um stundarsakir úr samlagshjeraðinu.
4. gr. Viðtökubeiðnir; gerðardómur.
5. gr. Biðtími.
6. gr. Rjettindi hluttækra samlagsmanna.
7. gr. Dagpeningar. Hjálpi til sængurkvenna.
8. gr. Tímatakmörkun hlunninda.
9. gr. Skyldur hluttækra samlagsmanna.

II. Stjórn samlagsins.

10. gr. Stjórn.
11. gr. } Formaður.
12. gr. }
13. gr. Deildarstjórar.
14. gr. Aðalfundur.
15. gr. Ársreikningar; endurskoðun.
16. gr. Fjáreign.
17. gr. Varasjóður. Tekjuhalli.
18. gr. Gerðardómur.
19. gr. Breyting á samþykktinni. Um að slíta samlaginu.

I. Starf samlagsins.

1. gr.

Sjúkrasamlag er stofnað dag mánaðar 19 í þeim tilgangi að tryggja hverjum hluttækum samlagsmanni uppbót á fjártjóni, er veikindi valda honum.

Samlagið nær yfir

2. gr.

Samlagið veitir viðtöku og full fjelagsrjettindi hverjum manni, jafnt karli sem konu, ef hann sannar:

- 1) að hann eigi heima í samlagshjeraðinu;
- 2) sje eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en fertugur, er hann beiðist viðtöku;
- 3) eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meiru en 5000 kr.;
- 4) hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er skerði eða geti skert vinnuþol hans, og skal hann sanna það með vottorði frá lækni samlagsins, enda sje hann fullhraustur, er hann gengur í samlagið.

3. gr.

62

27. mars

1) Hlutlausir fjelagar geta orðið karlar og konur, eldri en 15 ára, er fullnægja 1. skilyrði 2. greinar og lofa að greiða að minsta kosta 1 kr. í árstillag eða gjalda 20 kr. í samlagssjóð, eitt skifti fyrir öll.

Hlutlausir fjelagar eiga ekki tilkall til neinna hlunninda úr samlagssjóði; en ef þeir greiða 40 kr. eitt skifti fyrir öll eða gjalda að minsta kosti 2 kr. í árstillag, hafa þeir atkvæðisrjett á fundum og eru kjörgengir til allra starfa í fjelaginu.

Hlutlausir, en atkvæðisbærir fjelagar, er gengið hafa í samlagið fyrir fertugt, geta orðið hluttækir, hvað sem aldri þeirra líður, ef efnahagur þeirra versnar og verður í samræmi við 2. gr., enda færi þeir sönnur á, að þeir fullnægi öllum skilyrðum 2. greinar öðrum en 2.

2) Nú batnar efnahagur samlagsmanns, svo að eignir hans fara upp yfir það hámark, sem til er tekið í 2. gr., og verður hann þá að gerast hlutlaus fjelagi, eða fara úr samlaginu, þegar er hann fær tilkynningu um það frá samlagsstjórninni. Ef hann skýtur máli sínu í gerðardóm, sbr. 17. gr., þá má hann halda rjettindum sínum þar til dómur fellur.

3) Ef hluttækur samlagsmaður fer úr samlagshjeraðinu um stundarsakir til að leita sjer atvinnu, eða í öðrum nauðsynlegum erindum, þá má hann gerast hlutlaus meðan hann er fjarverandi, en greiði hann öll samlagsgjöld sín, þá á hann heimtingu á dagpeningum, ef hann sannar með læknisvottorði, að hann hafi verið ófær til vinnu vegna veikinda, en ekki á hann tilkall til neinna annara hlunninda úr samlagssjóði.

Hlutlausir fjelagar, þeir er nefndir eru í 2. og 3. lið, skulu greiða í samlagssjóð 1 kr. á ári. Þeir geta orðið hluttækir aftur, hvað sem líður aldri þeirra eða heilsu, ef ekki skortir önnur skilyrði, sbr. 2. gr.

Allir hlutlausir samlagsmenn, er verða hluttækir, skulu þá hlíta ákvæði 5. gr.

4. gr.

Hver sá, er vill ganga í samlagið, skal færa hlutaðeigandi deildarstjóra skriflega viðtökubeiðni og læknisvottorð.

Því skal ráða til lykta á næsta stjórnarfundi, hvort beiðandi verður tekinn í samlagið.

Ef beiðni er hafnað eða samlagsstjórnin í vafa um, hvað gera skuli, þá má vísa málinu í gerð. Í gerðardómi skulu sitja þrjú menn, læknir samlagsins, einn maður úr flokki samlagsmanna, sem stjórnin tilnefnir, og þriðji, sem viðkomandi hreppsnefnd nefnir til. Skjóta má úrskurði gerðardóms til stjórnarráðsins, sje það gert á hálfsmánaðar fresti eftir að úrskurðurinn er birtur málsaðilum.

Nú er einhverjum veitt viðtaka í samlagið og er hann þá talinn fjelagi þess frá næstu mánaðamótum.

5. gr.

Hluttækir fjelagar öðlast engin rjettindi fyrir en 6 vikur eru liðnar frá því er þeir komust í fjelagatölu; þetta gildir þó ekki um sjúkdóma, er orsakast af slysum.

6. gr.

Þessi eru rjettindi hluttækra samlagsmanna:

1) Ókeypis læknishjálp handa þeim sjálfum og börnum þeirra, sem eru hjá þeim, og innan 15 ára (einnig stjúpbörnum og meðgjafarlausum fósturbörnum); hjálpina veitir læknir samlagsins og greiðir samlagið ekki fyrir hjálpa annara lækna, nema ef svo ber undir (slys, kona í barnsnaud) að bráð þörf hefir verið á lækni, en ekki náðst til læknis samlagsins.

2) Ókeypis lyf, þau er samlagslæknir telur nauðsynleg, handa þeim sjálfum og börnum þeirra, sem hjá þeim eru og innan 15 ára; ennfremur sáraumbúðir, en hins vegar ekki haullbönd, smíðaða limi og þvílíkar umbúðir; eigi heldur gleraugu, gerfitennur eða tannfyllur.

Samlagið leggur ekki til áfanga drykki, gosdrykki, eða lyffæðu, eigi heldur flöskur, glös, krukkur eða önnur þess konar lyfjallát.

3) Ókeypis sjúkrahúsvist í þessum sjúkrahúsum: geðveikrahælinu á Kleppi, heilsuhælinu á Víflsstöðum, ef samlagslæknir telur þess þörf, handa þeim sjálfum og börnum þeirra, sem heima eru og innan 15 ára, þó aldrei lengur en 26 vikur á 3 samfleyttum reikningsárum.

Sjúkrasamlagið greiðir ekki flutningskostnað sjúklinga í eða úr sjúkrahúsum.

Nú vill samlagsmaður fremur fara í eitthvert annað sjúkrahús, og greiðir þá samlagið fyrir nauðsynlega dvöl hans þar, það sem jafnlöng dvöl hefði kostað í því sjúkrahúsi, sem samlagsmönnum er ætlað.

Ef samlagslæknir lýsir yfir því, að sjúklingur megi liggja í heimahúsum, ef hjúkrunarkona gætir hans, en verði ella að fara í sjúkrahús, þá skal hann vera kyr heima ef samlagið útvegar honum hjúkrunarkonu á sinn kostnað.

4) Dagpeningar handa þeim sjálfum (ekki börnum þeirra), þannig: að

þeir er greiða	1,75 á mán.,	fá kr. 2,00 á dag
— — —	1,35 - — —	1,50 - —
— — —	1,00 - — —	1,00 - —
— — —	0,75 - — —	0,50 - —

Allir hluttækir samlagsmenn eru skyldugir að tryggja sjer dagpeninga eigi minni en 50 aur. á dag; þó eru vistráðin hjú, giftar konur og unglingar innan 18 ára undanþegin þessari skyldu.

7. gr.

a. Samlagið selur engum tryggingu fyrir meiri dagpeningum, en nemi $\frac{2}{3}$ af venjulegum eða áætluðum dagtekjum hans.

b. Ef samlagsmaður er fluttur í sjúkrahús, lækka dagpeningar hans um **62** 50 aura á dag; þó heldur hann þeim óskertum, ef samlagið þarf ekki að borga ^{27. mars} sjúkrahúsvistina. Samlagsmenn, er eiga fyrir börnum að sjá innan 15 ára, skulu og aldrei missa meira en svo, er þeir liggja í sjúkrahúsi, að þeir haldi 30 aurum á dag.

c. Nú vill einhver færa upp dagpeninga sína, og skal hann þá láta í tje nýtt læknisvottorð. Uppfærslu skal því að eins veita, að beiðandi sje heill heilsu, sbr. 2. gr., og njóti ekki hlunninda úr samlagssjóði þegar beiðnin kemur, enda skal uppfærslan jafnan ganga í gildi í byrjun næsta reikningsárs; þó getur enginn eldri en fertugur fengið uppfærslu á dagpeningum sínum.

d. Dagpeningar eru ekki greiddir ef sjúkdómur helst 7 nætur eða skemur, en greiða skal ef lengur helst og þá jafnan reikna frá þeim degi, er gjaldkera var tilkyntur sjúkdómurinn.

e. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef sjúklingur getur unnið vana-vinnu sína að einhverju leyti, og ekki gamalmennum, ef elli bagar, en enginn sjerstakur sjúkdómur.

f. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef sjúkdómurinn stafar af drykkju-skap, saurlifnaði eða áflogum, sem samlagsmaður er sjálfur valdur að.

g. Dagpeningar falla niður, ef samlagsmaður vill ekki fara í sjúkrahús, að ráði samlagslækknis eða stjórnar samlagsins; þeir falla og niður, ef sjúklingur hafnar þeirri meðferð á sjúkdómnum, sem læknir telur nauðsynlega.

h. Dagpeningar falla niður þann dag, er samlagsmaður verður vinnu-fær, enda þótt hann taki ekki til verka eða vanræki að segja frá bata sínum.

i. Ef farsótt gengur, sem vörn er sett við, getur stjórn samlagsins, með samþykki stjórnarráðsins, ákveðið að allir dagpeningar falli niður.

j. Dagpeningar eru ekki greiddir, ef samlagsmaður heldur óskertu vinnu-kaupi sínu; en ef kaupið er lækkað skal hann fá af dagpeningum sínum það, sem lækkuninni nemur.

k. Stjórn samlagsins ákveður hverjum gjalda skuli dagpeninga geðveikra eða rænulausra manna.

l. Samlagskonum skal greiða 10 kr. í hvert sinn, er þær ala barn, ef þær hafa verið 40 vikur eða lengur í samlaginu fyrir barnsburðinn.

Ef sængurkona sýkist, á hún tilkall til hvers konar hlunninda úr samlagssjóði þegar liðnar eru 8 nætur frá barnsburði.

m. Dagpeninga skal greiða hverjum samlagsmanni, ef þörf gerist, fullar 12 vikur á hverjum 12 mánaða fresti (ekki miðað við reikningsár).

8. gr.

Ef einhver nýtur hlunninda úr samlagssjóði, hvort heldur eru dagpeningar, eða sjúkrahúsvist, eða læknishjálpi í heimahúsum, í 52 viku samtals á 3 samfleyttum reikningsárum, þá missir hann rjett til frekari hlunninda og er úr samlaginu.

62 Nú sannar hann síðar með læknisvottorði, að hann sje heill heilsu, og 27. mars skal þá, hvað sem aldri hans líður, aftur telja hann samlagsmann, með fullum rjettindum, þó eigi fyr en 8 vikum eftir að honum hefir verið veitt viðtaka á ný.

9. gr.

Skyldur hluttækra samlagsmanna eru sem hjer segir:

- 1) Greiða skal viðtökugjald, 1 kr., er rennur í varasjóð samlagsins
- 2) Hver samlagsmaður skal greiða mánaðargjald, er fer eftir hæð tryggingar fyrir dagpeningum, þannig:

Dagpeningar	Mánaðargjald
2,00 kr.	1,75 kr.
1,50 —	1,35 —
1,00 —	1,00 —
0,50 —	0,75 —
Engir	0,50 —

3) Ef annað foreldra er í samlaginu, en hitt ekki, en gæti þó verið það samkv. 2. gr., og börn heima innan 15 ára, þá skal greiða 10 aura á mánuði fyrir hvert barn, en þó aldrei meira en 30 aura.

Það er skylda hvers þess, er gengur í samlagið, að skýra frá því, hversu mörgum börnum innan 15 ára hann á fyrir að sjá, og skal hann jafnan gera samlagsstjórninni aðvart, ef börnin fjölga, eða fækka (deyja, verða 15 ára, fara burtu).

Börnum verða ekki heimilud hlunnindi úr samlagssjóði nema vottorð komi frá samlagslækni um það, að þau sjeu heil heilsu þegar samlagsstjórn er sagt til þeirra.

4) Hver samlagsmaður skal greiða mánaðargjald sitt fyrirfram á heimili deildarstjóra.

Ef samlagsmaður greiðir ekki mánaðargjald sitt 2 mánuði í röð, þá fellur niður rjettur hans á ókeypis læknishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist; skal deildarstjóri gera honum aðvart um þetta fyrir miðjan síðari mánuðinn. En ef þrír mánuðir liða án þess að hann greiði gjöld sín, þá er hann úr samlaginu; skal deildarstjóri gera honum aðvart um þetta fyrir miðjan þriðja mánuðinn. Umsögn deildarstjóra er full sönnun þess, að aðvörun hafi farið fram.

Ef samlagsmaður hefir verið aðvaraður og greiðir hann skuld sína, þá skal hann um leið greiða 10 aura fyrir hverja aðvörun.

Ef samlagsmaður er rækur úr samlaginu vegna skulda, þá er honum frjálst að koma aftur í samlagið, ef hann greiðir alla skuld sína og 1 kr. að auki í inntökueyri; nú er misseri liðið frá því er hann fór úr samlaginu, og skal hann þá leggja fram læknisvottorð um heilsu sínu, er fullnægi kröfum 2. gr.; ennfremur gildir um hann ákvæði 5. gr.

Ef samlagsmanni bera dagpeningar úr samlagssjóði og er hann í skuld um mánaðargjald, þá skal halda því eftir þegar dagpeningar eru greiddir.

5) Ef samlagsmaður er sjúkur og ekki vinnufær, en á fótum og má vera úti, þá skal læknir fá honum skriflegt leyfi til þess og taka til, hvern tíma dags hann megi vera úti. **62** 27. mars.

6) Ef sjúklingur hagar sjer ekki eftir fyrirmælum læknis eða samþykkt samlagsins, þá missir hann rjett sinn til dagpeninga þá viku, er hann verður sekur um þesskonar afbrot.

7) Hver, sem gengur í sjúkrasamlagið, skal og skýra stjórn þess frá, ef hann er í einhverju öðru sjúkrasamlagi, svo og ef hann gengur síðar í slíkt samlag; skal stjórnin hafa gætur á því, að enginn tryggi sjer á þenna hátt hærri dagpeninga, en nemur venjulegu dagkaupi hans.

8) Hver samlagsmaður er skyldur að gegna, ef hann er kosinn í stjórn samlagsins eða endurskodunarmaður.

9) Hver samlagsmaður er skyldur að birta deildarstjóra, ef hann skiftir um bústað.

Nú flytur hann sig búferlum úr samlagshjeraðinu og er hann þá úr samlaginu.

10) Þeir, er fara úr samlaginu, eiga enga heimtingu á neinu því fje, er goldið hefir verið í samlagssjóð.

II. Stjórn samlagsins.

10. gr.

Stjórn skal kjósa skriflega á aðalfundi í febrúarmánuði, einn formann og deildarstjóra. Skal kjósa til 2 ára og gangi úr annaðhvort ár, í fyrsta sinni eftir hlutkesti, en hitt árið. Stjórnendur kjósa sjálfir varaformann.

Á aðalfundi skal einnig kjósa 2 varamenn í stjórn og fer annar frá á hverju ári, í fyrsta sinni eftir hlutkesti.

Fráfarandi stjórnendur má endurkjósa, en skorast geta þeir undan endurkosningu fyrir jafn langt tímabil, sem þeir hafa setið í stjórn samlagsins.

Stjórnendur skulu eiga fund með sjer í vikunni eftir fyrstu helgi í hverjum mánuði. Það er lögmaður stjórnarfundur, ef koma á fund, og ræður þar afl atkvæða.

Stjórnendur bera ábyrgð á samlagssjóði, á því, að samlagið bíði ekki tjón af ólöglegum tilkostnaði, hirðuleysi eða svikum meðstjórnenda sinna. Standa þeir í ábyrgð á þessu einn fyrir alla og allir fyrir einn. Þó getur aðalfundur þegið þá undan ábyrgðinni, ef um svik er að ræða, en undanþága er því að eins lögmaður, að hún sje samþykkt með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða.

Stjórnendur skulu hafa allar nauðsynlegar gætur á sjúkum samlagsmönnum.

Stjórnendur skulu allir vinna starf sitt kauplaust, en ritfangakostnað og annan beinan kostnað skal greiða úr samlagssjóði.

11. gr.

Formaður stýrir stjórnarfundum og semur gerðabók á fundunum.

Hann semur fyrir hönd samlagsins við lækna, lyfsala og sjúkrahús.

Ef formaður og varaformaður eru hvorugur viðláttnir, kemur einn af stjórnendunum í formanns stað, sá er þeir velja til þess.

12. gr.

Formaður er einnig gjaldkeri samlagsins. Hann heldur nauðsynlegar reikningsbækur, semur ársreikninga og tölusetta skrá yfir nöfn samlagsmanna, aldur þeirra, atvinnu og heimili, hvenær þeir hafa komið í samlagið, farið úr því eða dáið; hann skal og láta stjórnarráðinu í tje þær skýrslur og reikningskil, er krafist verður.

13. gr.

Deildarstjórar innheimta iðgjöld samlagsmanna og afhenda þau formanni á næsta stjórnarfundu; ennfremur borgar formaður hverjum deildarstjóra áfallna dagpeninga í hans deild.

Samlagsmenn skulu jafnan gera deildarstjóra aðvart, ef þeir verða sjúkir, og ber honum undir eins að rannsaka, hvort samlagsmaður er í raun og veru sjúkur. Í forföllum deildarstjóra skal annar úr stjórn samlagsins gegna störfum hans. Dagpeningar borgast samlagsmönnum um hver mánaðamót. Sjerhver deildarstjóri semur sjúkraskrá fyrir sína deild.

14. gr.

Aðalfund skal halda tvisvar á ári, í febrúar og október. Formaður boðar fundi með 8 daga fyrirvara og skal hann tilgreina fundarefni.

Aukafundi skal halda þá er formanni þykir þurfa, eða meirahluta stjórnenda, eða skrifleg áskorun berst stjórninni frá $\frac{1}{5}$ allra atkvæðisbærra samlagsmanna, enda tilgreini þeir fundarefnið. Ef stjórninni berst lögmæt krafa um aukafund, þá skal hún koma á fundi á 14 daga fresti.

Lögmætir samlagsfundir hafa æðsta vald í öllum málum samlagsins, innan þeirra takmarka, er samþykktin setur.

Hverjum samlagsfundu stýrir kjörinn fundarstjóri. Hann rannsakar í fundarbyrjun, hvort fundurinn hafi verið löglega boðaður, og lýsir úrskurði sínum í heyranda hljóði.

Fundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður, hvort sem margir koma eða fáir. Ræður afl atkvæða; ef jöfn falla ræður atkvæði fundarstjóra.

Atkvæðisbærir eru allir hluttækir samlagsmenn, 18 ára eða eldri, einnig hlutlausir samlagsmenn, er greitt hafa 40 kr. í samlagssjóð eitt skifti fyrir öll, eða gjalda að minsta kosti 2 kr. í árstíllag.

Í byrjun hvers fundar skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra samlagsmenn, undirritaða af formanni.

Fundarstjóri ræður því, hvornig atkvæðagreiðslu skuli háttað; þó skal **62** atkvæðagreiðslan jafnan vera skrifleg ef einhver atkvæðisbær fundarmaður 27. mars krefst þess.

Stutta skýrslu skal rita í sjerstaka gerðabók um það, er gerist á samlagsfundum; allar fundarsamþykktir skal rita orðrjett í gerðabókina. Fundargerðina skal lesa upp í fundarlok og bera undir atkvæði, en fundarstjóri og stjórnendur samlagsins, þeir sem við eru, skulu rita nöfn sín undir. Skal þessi fundargerð vera full sönnun þess, er fram hafi farið á fundinum.

15. gr.

Reikningsár samlagsins er hvert almanaksár.

Formaður skal gera hvern ársreikning í tvennu lagi og láta fylgja skýrslu um eignir samlagsins, og ógreidd útgjöld og útistandandi skuldir í lok reikningsársins.

Alla ársreikninga með athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum stjórnarinnar skal hafa samlagsmönnum til sýnis á hentugum stað, eigi skemur en vikutíma áður en þeir eru bornir undir aðalfund í febrúar til samþykta.

Fyrir aðalfund í október skal leggja glöggt yfirlit yfir tekjur og gjöld samlagsins fyrra helming reikningsársins með árituðum athugasemdum endurskoðunarmanna.

Á aðalfundi í febrúar skal kjósa 2 endurskoðunarmenn og 2 varamenn; fara 2 frá á hverju ári, annar endurskoðunarmaður og annar varamaður, í fyrsta sinni eftir hlutkesti. Þá má endurkjósa. Skorast geta þeir undan endurkosningu eins og stjórnendur, sbr. 10. gr.

Endurskoðunarmönnum er heimilt hvenær sem vill að rannsaka allar reikningsbækur samlagsins og aðgæta eignir þess og skulu þeir eigi gera það sjaldnar en einu sinni á hverjum ársfjórðungi. Þá er þeir rannsaka reikningana, ber þeim meðal annars að gæta þess, hvort allar tekjur og útgjöld eru í samræmi við samþykkt samlagsins.

Stjórn samlagsins ber að láta endurskoðunarmönnum í tje allar skýrslur og upplýsingar, er þeir þurfa við rannsóknina.

Fyrir lok janúarmánaðar skal formaður senda stjórnarráðinu skýrslu um tölu samlagsmanna og upphæð þá, er iðgjöld samlagsmanna hafa numið á liðnu ári, og skal stjórnin rita nöfn sín undir; ennfremur skrá yfir samlagsmenn. Fyrir lok marsmánaðar skal formaður senda stjórnarráðinu endurskoðaða ársreikninga og skýrslu um starf samlagsins á liðnu ári, og riti öll stjórnin nöfn sín undir.

16. gr.

Því fje samlagsins, sem ekki er líklegt að til þurfi að taka að sinni, skal koma á vöxtu í öruggan sparisjóð.

Aldrei má veita lán úr samlagssjóði.

Aðgæta skal sjóðseignina hjá formanni, og bera saman við bækur sam-

62 lagsins á ýmsum ótilteknum tímum á hverju ári, og skulu þeir aðrir, sem í stjórn 27. mars eru, annast það; þess skal jafnan getið í gerðabók stjórnarinnar.

17. gr.

Í varasjóð skal leggja allan inntökueryri samlagsmanna, allan afgang af árstekjum, t. d. æfigjöld hlutlausra samlagsmanna eða iðgjöld þeirra, gjafir, arð af hátíðahöldum, hlutaveltum og því um líkt.

Ef mikil veikindaár bera að höndum og tekjur hrökkva ekki fyrir útgöldum, þá skal greiða hallann úr varasjóði.

Nú hrekkur varasjóður ekki til þess að greiða tekjuhalla að loknu reikningsári, þá getur samlagsfundur ákveðið að jafna því, er á vantar, á alla hlut-tæka samlagsmenn, sem þá eru í samlaginu, í rjettu hlutfalli við mánaðargjöld þeirra.

18. gr.

Ef deila rís milli stjórnar samlagsins og einhvers samlagsmanna, skal leggja málið í gerð. Skal þá velja 3 menn í gerð á samlagsfundi og skulu báðir málsaðilar hlíta úrskurði gerðardómsins, enda mega deilumál í samlaginu aldrei koma fyrir dómstóla landsins. Gerðardómi er ekki heimilt að sekta samlagsmenn eða skerða rjettindi þeirra frekar en samþykkt þessi leyfir.

19. gr.

Þessi samþykkt er gerð á fundi dag mánaðar 19 og gengur í gildi þann dag, sem samlagið er lögskráð samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911.

Breyta má samþykkt samlagsins á hverjum þeim aðalfundi, sem boðaður er til þess, meðal annars, að ræða breytingu á samþykttinni, ef fullur helmingur atkvæðisbærra samlagsmanna sækir fundinn, en $\frac{2}{3}$ atkvæða þarf til þess, að breyting sje gerð á samþykttinni.

Nú skortir á að helmingur sækir fund, og er þó gerð breyting á samþykttinni með $\frac{2}{3}$ atkvæða, þá skal halda fund aftur innan 2 mánaða, ef stjórnin vill, eða $\frac{1}{3}$ atkvæðisbærra samlagsmanna krefst þess. Skal þá boða til fundar á venjulegan hátt, og geta þess í fundarboðinu, að ræða eigi breytingu á samþykttinni, er eigi hafi orðið samþykkt á hinum fyrri fundi, vegna þess hve fáir hafi sótt þann fund. Ef breytingin er samþykkt á þessum fundi með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða, þá er hún löglega samþykkt, hvort sem margir eða fáir sækja fundinn.

Engin breyting á samþykttinni eða viðbót við hana öðlast gildi fyr en fengið er samþykki stjórnarráðsins.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt, að slíta samlaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi, sem um breytingu á samþykttinni.

Ef samlaginu er slitið, skal öll skuldlaus eign þess renna til heilsuhælisins á Vífilsstöðum.

Sá fundur, er samþykkir á löglegan hátt, að slíta samlaginu, kveður að öðru leyti á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og lúka skuldum.

(Undirskrift stjórnarinnar).